



PÉSI

33. ÁRGANGUR | 383 TBL. NÓVEMBER 2023

Athugið!

Næsta Pésa verður dreift
6.-7. desember. Efni þarf að
berast fyrir **29. nóvember.**



Umrætt svæði er fyrir miðju á myndinni en gróðurhúsin til vinstri eru hluti af þeim mannvirkjum sem eru vikjandi á reitnum.

Auglýst eftir áhugasömum aðilum

Sveitarstjórn samþykkti nýverið að auglýst yrði eftir áhugasömum aðilum til að byggja upp verslun og þjónustu sem og íbúðabyggð á lóðum við Reynihlíð og Víðhlíð. Samtals fermetrar skipulagðra lóða við báðar götur eru 9.365 m² en heildar reiturinn sem um ræðir er um 2,5 ha.

Á svæðinu sem er miðsvæðis á Flúðum eru miklir möguleikar til fjölbreyttrar uppbyggingar en komi fram óskir um breytingar á deili- og aðalskipulagi þarf lóðarhafi að sjá um og kosta þá vinnu.

Á svæðinu eru nokkuð mörg gróðurhús og aðrar byggingar og er ætlunin að tilvonandi lóðarhafi fjarlægji þau mannvirki sem eru á svæðinu á eigin kostnað.

Við mat á umsækjendum mun sveitarstjórn taka tillit til ýmissa þátta, svo sem hugmyndum um uppbyggingu á svæðinu sem og reynslu og þekkingu umsækjanda af rekstri og uppbyggingu.

Frestur til að skila inn tilboðum og lýsa yfir áhuga er til og með 13. nóv. 2023.

Nánari upplýsingar á fludir.is.

Please note that on the website fludir.is, you can translate everything, with one click, to English, Polish, and Romanian.



Af fjárhagsáætlun og framkvæmdum

Rétt eins og það að farfluglarnir yfirgefa okkur á haustin þá er það jafn árviss viðburður að vinna hefst að hausti við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir komandi ár. Þar sem rekstur stofnana er hér í nokkuð föstum skorðum þá eru ekki stórar breytingar á hinu rekstrarlega umhverfi og rétt að geta þess einnig að forstöðumenn stofnana hafa sýnt mikið og ánægjulegt aðhald í rekstri. En meiri umsvifum og fleiri íbúum fylgir óneitanlega meiri vinna sem nauðsynlegt er að fá fleiri hendur til að sinna. Því mun á næstunni taka til starfa nýr yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála eins og kynnt er annars staðar í þessu blaði.



Ljóst er að breytingar þurfa að verða á sorp- og úrgangsmálum. Þar er nauðsynlegt að taka til hendinni en væntanlega fer ekki framhjá neinum sem heimsótt hefur móttökustöðina í Flatholti að þar þarf að bæta umhverfið og fyrirkomulag á svæðinu all verulega. Sveitarstjórn hefur samið við Stefán Gíslason, umhverfissérfræðing, um úttekt og greiningu á sorpmálum sveitarfélagsins sem og móttökustöðinni og er niðurstöðu hans að vænta fljótlega.

Þó ávallt sé reynt að vinna fjárhagsáætlun eins vel og kostur er þá er aldrei hægt að sjá allt fyrir. Það var einmitt raunin nú í ár þegar skyndilega reyndist óumflýjanlegt að endurnýja þak á hluta Flúðaskóla. Það var mikil framkvæmd en nú hyllir undir lok hennar og hefur framkvæmdin tekist vonum framar. Vil ég hvetja alla til að heim-sækja Flúðaskóla þann 16. nóvember, á degi íslenskrar tungu, njóta veitinga og dagskrár nemenda og skoða jafnframt hvernig til hefur tekist með endurbæturnar.

Unnið hefur verið að ýmsum góðum verkefnum undanfarna mánuði en óneitanlega hafa málefni heilsugæslunnar risið þar hvað hæst. Sveitarstjórn hér í Hrunamannahreppi hefur talað fyrir því að auglýst verði eftir nýju húsnæði sem staðsett yrði í þéttbýli og þar með nær fleiri íbúum en reyndin er í dag. Forsvarsmenn Heilbrigðisstofnunar Suðurlands hafa haft hug á því að kanna markaðsaðstæður á svæðinu og vonandi mun sú könnun eiga sér stað, jafnvel á næstu dögum. Um leið og þau mál skýrast þá mun verða hægt að skoða húsnæðismál sveitarfélagsins í heild sinni en það er ljóst að fermetrar í eigu sveitarfélagsins eru margir og ekki allir eins vel nýttir og þeir gætu verið. Það er því ekkert lát á verkefnum á næstunni og að mörgu að hyggja.

Með bestu kveðjum,

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri.



Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf
Beðahreinsun - Garðsláttur
Garðaúðun - Trjáklippingar
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufæðingur

Sími 858 3399
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



Sundlaugin á Flúðum

Vetraropnun

16. ágúst - 31. maí

Mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudaga
kl. 16:00 - 20:30

Einnig opið mánu- og fimmtudaga frá
kl. 06:00 - 09:00 (að öðru leyti lokað á
fimmtudögum)

Laugardaga og sunnudaga
kl. 13:00 - 18:00.

Árskort sem gilda í sundlauginna,
íprótta- og tækjasalinn eru á mjög
hagstæðu verði, aðeins 15.500 kr.
Minum á að hjá flestum stéttar-
félögum er hægt að sækja um styrk.

Gunnþór er nýr yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála

Sveitarstjórn hefur samþykkt að ráða Gunnþór K. Guðfinnsson sem yfirmann eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála. Gunnþór er garðyrkjufræðingur að mennt og með reynslu af stjórnun þjónustumiðstöðva sveitarfélaga bæði í Sveitarfélaginu Ölfusi sem og á Vopnafirði. Gunnþór starfaði í Skaftholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi um árabíl og var þar einnig forstöðumaður.



Fóttaæðgerðastofa
Öddu Siggu

Miðfelli 2a
Tímappantaniir í síma
867 6580



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í síma 845 9816 (Halyna).



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum
Sími 861 9682



Löggiltur rafverktaki / bílaflutningur

Axel
Sími 860 7073

FÁÐU SLYSIÐ BÆTT


HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.



BÓTARÉTTUR
- þú færð þitt



botarettur.is



HUGMYND

TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14
845 Flúðir

flight@simnet.is
Sími 699 0757



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Betri vinnutími á Leikskólanum Undralandi

Þær áskoranir sem leikskólar landsins búa við hafa ekki farið fram hjá nokkrum manni. Ljóst er að leikskólastigið er mjög viðkvæmt



þegar kemur að mönnun og hefur því innleiðing á betri vinnutíma reynst flóknari og erfiðari í framkvæmd en almennt gerist á öðrum vinnustöðum sveitarfélaga. Í kjarasamningi milli aðila kemur fram að nauðsynlegt sé að finna lausnir til innleiðingar á fullri vinnutímastyttingu leikskólastarfsmanna í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Á landsvísu hefur mikil umræða átt sér stað varðandi mikilvægi þess að starfstími leik- og grunnskóla verði samstilltur eins og kostur er. Leikskólakennarar hafa í kjölfarið á breytingu á gildi leyfisbréfa valið í miklum mæli að kenna á grunnskólastiginu. Launin hafa samt verið eins hjá leik- og grunnskólakennurum síðan 2014 en ólíkur starfstími hefur verið nefndur sem helsta ástæða þess að starfsmannaflæði á milli skólastiganna er leikskólastiginu í óhag.

Tillagan sem samþykkt hefur verið hér í Hrunamannahreppi felst í því að helmingur styttingarinnar er tekinn út með lokun leikskólans kl. 14:00 á föstudögum í stað þess að leikskólinn loki kl. 15 eins og áður var.

Vinnutímastyttingin safnast að öðru leyti upp og verður tekin út með lokun leikskólans í kringum jól, áramót og páska. Auk frídaga vor og haust sem verða teknir á sama tíma og grunnskólinn tekur frí. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu leikskólans Undralands.

Það er von sveitarstjórnar að þessar aðgerðir verði stór liður í því markmiði að bæta starfsaðstæður á leikskólastiginu sem vonandi verður til þess að fagmenntuðum kennurum fjölgi og þar með aukist fagmennska og gæði náms, börnum til heilla.

Sveitarstjóri

Villibráðakvöld

LAUGARDAGINN 11. NÓVEMBER 2023



Farmers Bistro býður upp á glæsilegt villibráðarhlaðborð. Matreiðslumaðurinn Jenný Guðbjörg Hannesdóttir verður gesta kokkur hjá okkur ásamt föruneysi Farmers Bistro.

Fordrykkur hefst kl 19:00

Borðhald hefst kl 20:00

Örn Árnason leikari,
kemur og heldur uppi stuðinu
eins og honum einum er lagið.

VERÐ
11.900 kr

Matseðill

SMÁRÉTTIR

- Grafinn urriði
- Grafín önd
- Grafín gæs
- Hreindýrapaté
- Hreindýrabollur
- Laxatartar
- Reyktur lundi
- Reykt gæs
- Dádýra carpaccio

AÐALRÉTTIR

- Úrbeinað Lambalæri
- Létt steiktar Andabringur
- Andalæri confit

*Ásamt meðlæti & öðru góðgæti
Kaffi & konfekt á eftir



BÓKANIR

✉ booking@farmersbistro.is

☎ 8577850



Barnvænt sveitarfélag

Innleiðing á barnvænu sveitarfélagi er komin vel á veg hér í Hrunamanna-hreppi. Verkefnið felur í sér að styðja sveitarfélagið í að innleiða Barnasátt- mála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnýslu og starfsemi. Síðustu misseri hefur farið fram stöðumat, en í því felst m.a. að leggja fyrir spurningakann- anir, halda Barnaþing og eiga samtál við sérfræðihópa barna. Næstu skref eru fræðsla til starfsfólks sveitarfélagsins, barna og aðstandenda þeirra. Einn- ig verður farið í að móta aðgerðaáætlun verkefnisins með hliðsjón af niður- stöðum stöðumatsins og í kjölfarið að hrinda henni í framkvæmd. Markmið verkefnisins er m.a. að eiga markvisst samráð við börn og ungmenni og nýta raddir þeirra til að bæta þjónustu sveitarfélagsins. Með þekkingu á réttindum barna og þátttöku þeirra gerum við gott samfélag enn betra.

Endilega skoðið heimasíðu barnvænna sveitarfélaga og kynnið ykkur þetta skemmtilega verkefni. <https://barnvaensveitarfelog.is/>

*Kolbrún Haraldsdóttir,
umsjónarmaður innleiðingar Barnvæns sveitarfélags*





PEKking Á RÉTTINDUM
BARNA

ÞAÐ SEM BARNINU
ER FYRIR BESTU

JAFNRÆÐI – AÐ HORFT SÉ
TIL RÉTTINDA ALLRA BARNA

ÞÁTTTAKA BARNA

LÍF OG ÞROSKI



Baggamunur

Bókhalts- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum - Sími 866 9035
www.baggamunur.is - s@baggamunur.is

HRUNAPRESTAKALL



Kæru sveitungar.

Helgihaldið hefur verið með svipuðu sniði og áður þetta haustið. Bleik kaffihúsamessa var haldin í félagsheimilinu í október og var hún afar vel sótt. Í lok október var farið í eftirminnilegt ferðalag í Vatnaskóg með fermingarbörnum prestakallsins en öllum nemendum í 8. bekk stóð til boða að fara með. Fjölbreytt dagskrá, matur, leikir, fræðsla og útvíst var meðal þess sem börnin fengu að njóta í einmuna haustblíðu. Fræðslusamverur með fermingarbörnum eru vikulega í safnaðarheimili Hrunakirkju. Kirkjukórarnir okkar hófu formlegar æfingar eftir réttir nú í haust og æfa þeir báðir á mánudagskvöldum undir stjórn organistanna Þorbjargar Jóhannsdóttur (Stóra-Núps- og Ólafsvalla) og Eyrúnar Jónasdóttur (Hruna- og Hrepphóla). Nú í byrjun nóvember fór sóknarnefndarfólk í Hrunaprestakalli ásamt presti og organista í heimsókn í Odda og átti þar góðan fund með sóknarnefndarfólki þar, organista og presti. Fyrst var Oddakirkja skoðuð en síðan var sest niður og rætt um verkefni sóknarnefnda og helstu áskoranir þeirra. Þetta reyndist virkilega upplýsandi og ánægjuleg heimsókn fyrir alla.

Framundan í helgihaldinu:

19. nóvember - sunnudagur: Guðsþjónusta í Hrepphólakirkju kl. 11 og kvöldvaka í Stóra-Núpskirkju kl. 20.

2. desember - laugardagur: Helgistund í Hrunakirkju kl. 14 og helgistund í Hrepphólakirkju kl. 15. Kveikt á ljósum í kirkjugörðum.

3. desember – fyrsti sd. í jólaföstu

Aðventuhátíð í Árnosi kl. 15: Nemendur úr Þjórsárskóla syngja og leika. Fermingarbörn verða með upplestur. Ræðumaður verður Krístrún Heimisdóttir lögfræðingur og varaforseti Kirkjubings. Almennur söngur. Kaffiveitingar á eftir.

Aðventukvöld í Hrunakirkju kl. 20: Kirkjukórinn syngur, fermingarbörn verða með upplestur og flutt verður jólasaga. Ræðumaður er Guðmundur Brynjólfs-son, rithöfundur og djákni. Almennur söngur. Kaffiveitingar á eftir.

4. desember – mánudagur: Opin æfing hjá Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna í Stóra-Núpskirkju kl. 20.

Svo styttist í jólin... sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Kvennaverkfall á Flúðum

Stofnanir og fyrirtæki hér á Flúðum voru annað hvort lokaðar eða með skerta starfsemi þar sem konur lögðu niður vinnu eða sinntu vinnu sinni með öðrum hætti en venjulega. Með litlum fyrirvara var blásið til samstöðugöngu hér á Flúðum. Nokkrar konur á öllum aldri mættu, bjuggu til baráttuskilti, og gengu svo fylgtu liði um miðbæ Flúða. Vakti hópurinn verðskuldaða athygli vegfarenda. Skiltin voru svo sett niður á hringtorginu áður en sameiginlega var sest niður og fylgst með baráttufundinum á Arnarhvoli.



Jólamarkaður á Flúðum 2023

**Jólamarkaður verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna
laugardaginn 2. desember kl. 14:00 – 16:00.**

Til sölu verða skemmtilegar vörur úr heimabyggð.

Ljósín verða tendruð á jólatrénu fyrir utan kl. 14:00
og jólasveinar mæta á svæðið. Jólalög og jólalegar
veitingar til sölu á staðnum.

*Með kærri kveðju og von um góðar undirtektir,
Atvinnu-, ferða og menningarmálanefnd*

Vel sóttur íbúafundur

Það var ánægjulegt að sjá hversu margir gáfu sér tíma til að sækja íbúafund um málefni sveitarfélagsins sem haldinn var sl. 25. október.

Á fundinum fór Jón Bjarnason, oddviti, yfir þau málefni sem helst eru í umræðu og vinnslu þessa dagana. Sveitarstjóri fór síðan yfir ýmsar fjárhagslegar stærðir, vinnu fjárhagsáætlunar og það sem fram undan er á því sviði.



Að loknum framsögum áttu svo fundarmenn góð og gagnleg skoðanaskipti og komu sjónarmiðum sínum vel á framfæri.

Það er ávallt gott að eiga bein samskipti við íbúa og fá viðbrögð við því sem gert og því sem unnið er að.

Kærar þakkir til ykkar allra sem mættuð.

Sveitarstjóri



Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu, 2. hæð
Sími 480 6628 - Bókasafnið á Facebook
bokasafn@fludir.is - bokasafn.fludir.is

Bókasafnið er opið einn morgun í viku

Nú hefur morgunopnun á Bókasafni Hrunamanna bæst við og verður bókasafnið því opið þriðjudaga 9-12 og 18-20 og miðvikudaga 16-18. Á morgunopnuninni verður heitt á könnunni og tilvalið að setjast niður, spjalla við aðra gesti safnsins og fletta bókum/tímaritum. Margar af nýjustu bókunum berast glóðvolgar úr prentun til okkar og tímaritin Hús og Híbýli, Vikan, Gestgjafinn og Litli Bergþór.

Allir eru ávallt velkomnir á bókasafnið.

Ef einhverjar spurningar vakna má alltaf hafa samband í síma 480 6628, senda tölvupóst á bokasafn@fludir.is eða í gegnum síðu bókasafnsins á Facebook.

Bestu kveðjur, Ásta Rún

FLÚÐASKÓLI

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember
Halldórmót, Gunnar Helgason,
vöflur og endurnýjuð 2. hæð



8.35-11.35

Halldórmótið í skák fer fram í 16. sinn

15.15-16.00

Vöflur í boði Flúðaskóla

16.00-17.30

Ýmsar upptakomur sem nemendur Flúðaskóla bjóða gestum upp á. Þema dagsins eru verk Gunnars Helgasonar en hann verður sjálfur í skólanum og les upp úr verkum sínum.

**Við bjóðum gesti sérstaklega velkomna til að skoða endurbætur á 2. hæð Flúðaskóla.*

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir (hruni@fludir.is)

Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir (svanhildur@fludir.is)

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi - Umhverfissvottuð prentsmiðja

Sími 480 6600

pesi@fludir.is

www.fludir.is